




Fagháskóli?

Hugleiðingar um skipulag og framtíð
verknáms

-
1. Námsskipulag hér á landi.
 2. Samanburður við nágrannalönd.
 3. Annmarkar á núverandi kerfi og markmið með mögulegum breytingum.
 4. Tillaga að módeli?
 5. Fagháskóli?
 1. Inntak.
 2. Leiðir að markmiði.

Íslenskt menntakerfi



Hæfnisþrep

| Íslensk hæfnisþrep | EINSTAKLINGUR SEM ÖÐLAST HEFUR HÆFNI Á VIÐKOMANDI HÆFNIÐREPI | DÆMI UM NÁMSLOK OG PRÓFGRÁÐUR | Evrópsk hæfnisþrep | |
|--------------------|--|---|--|-------|
| 7 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur yfirgripsmikla þekkingu á rannsóknum og nýjungum innan fræðasviðs. Getur á skapandi hátt skipulagt, þróað, framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með frumkvæði að sköpun og þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi. getur leitt fræðileg samskipti á ábyrgan og gagnrýnin hátt | Doktorspróf | 8 | |
| 6 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur yfirgripsmikla þekkingu á fræðigrein og/eða sérsviði starfsgreinar. Getur skipulagt á skapandi hátt flókíð verkferli og/eða rannsóknir og beitt viðeigandi aðferðum og tækni af fagmennsku. Getur miðlað á ska pandi og gagnrýninn hátt fræðigrein og/eða starfsgrein, getur leiðbeint og stjórnað verkefnum og borið síðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sinnar og leikni. | Masterspróf Diplómapróf á meistarastigi | 7 | |
| 5 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur þekkingu á fræðigrein og/eða sérsviði starfsgreinar. Getur skipulagt flókíð verkferli og/eða rannsóknarverkefni og beitt viðeigandi aðferðum og tækni á ábyrgan hátt. Getur miðlað á skapandi og gagnrýninn hátt fræðigrein og/eða starfsgrein ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sinnar og leikni. | Bakkalápróf | 6 | |
| 4 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýttist í starfi, við starfsþróun, leiðsögn, stjórnun, og/eða til undirbúnings frekara námi. Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt. Byr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur innan starfseftvangs, getur leiðbeint og stjórnað öðrum í verkefnum og tekið ábyrgð á þróun í starfi og námi. | Diplóma á háskólastigi | Viðbótarnám við framhaldsskóla ^{a)} | 6 |
| 3 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýttist í starfi og/eða til undirbúnings frekara námi. Getur forgangsraðað og skipulagt eigin störf í krefjandi aðstæðum og sýnt fagmennsku í starfi. Getur miðlað þekkingu sinni og leikni , rökstutt og ígrundað þær aðferðir sem hann nýtir auk þess að búa yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hæfni til að leiðbeina öðrum. | Frumgreinanám | Stúdentspróf. Próf til starfsréttinda ^{b)} Önnur lokapróf ^{c)} | 4 |
| 2 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur grunnþekkingu sem nýttist á starfsveltvangi. Getur leyst fagleg viðfangsefni, beitt viðeigandi tækni og borið ábyrgð á afmörkuðum starfsþáttum. Getur miðlað upplýsingum um grunnatriði fags og verkefni á starfsveltvangi auk þess að geta útskýrt og rökstutt eigið verkferli. | Framhaldsskólapróf Próf til starfsréttinda ^{d)} Önnur lokapróf ^{e)} | 3 | |
| 1 | <ul style="list-style-type: none"> Hefur grunnþekkingu sem nýttist til undirbúnings fyrir frekara nám og geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn. Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum að úrlausnum. Getur átt jafnvæði og uppbyggileg samskipti, fært rök fyrir máli sínu, virt skoðanir annarra og verið virkur og ábyrgur borgari í samfélaginu. | Framhaldsskólapróf Önnur lokapróf ^{f)} | Grunnskólapróf | 1 - 2 |

ISQF

Dæmi: ^{a)} Lönnmeistari, ^{b)} Húsamiður, lyftjatæknir og sjúkraliði, ^{c)} Listnámsbraut og fjölmiðlatækni, ^{d)} Málmsuða, ^{e)} Fristundaleiðbeinandi, matsveinn og skrifstofutæknir, ^{f)} Skólaliði.

EQF



Verknám í nágrannalöndum

Í Svíþjóð getur nám á framhaldsskólastigi farið fram með þrennum hætti og tekur í öllum tilfellum þrjú ár, í bóknámsskóla, í verknámsskóla eða með námssamningi. Allar leiðir veita rétt til háskólanáms innan hins almenna háskólakerfis en þar fer jafnframt fram tiltekið nám til starfsréttinda. Einnig er til verknám á háskólastigi utan hins hefðbundna háskólakerfis sem einungis veitir starfsréttindi.

Verknám í nágrannalöndum

Í Danmörku er kerfið sambærilegt, nema að verk- og starfsnám, hvort sem það fer fram í verknámsskóla eða á samningi, tekur fjögur ár en almennt bóknám þrjú ár. Próf úr verknámsskóla veitir almennan aðgang að háskólanámi en aðgengi að háskóla af samningsbundnu námi er takmörkunum háð. Á háskólastigi getur verknámi lokið með diplómagraðu eftir tveggja ára nám eða verklegri BS gráðu eftir þriggja ára nám.

Verknám í nágrannalöndum

Í Finnlandi er nám á framhaldsskólastigi tvískipt, almennt bóknám og verknám og fer námið almennt fram innan skólakerfisins þótt samningsbundið verknám á vinnustað þekkist einnig. Háskólastigið er með sama hætti tvískipt í almenna háskóla og fagháskóla. Grunnnámi á háskólastigi lýkur í báðum tilfellum með bachelorsprófi.

Verknám í nágrannalöndum

Í Bretlandi er nám á framhaldsskólastigi þrískipt, almennt bóknám, verknám í skóla og verknám á samningi. Tvær fyrstu leiðirnar veita aðgang að háskólanámi, en ekki sú síðasttalda. Sama skipting gildir á háskólastigi þar sem almennir háskólar veita bachelorgráður en sérskólar verknámstengdar diplómagráður sem metnar eru inn í bachelornám í almennum háskólum.

Verknám í nágrannalöndum

Eistar hafa nýlega endurskoðað skólakerfi sitt. Sextán ára geta unglingar valið um þriggja ára bóknámsskóla eða þriggja ára verknámsskóla sem báðir veita réttindi til háskólanáms.

Grunnnám í háskóla getur verið bachelornám eða fagnám til starfsréttinda. Verknám á háskólastigi sem getur verið frá ½ ári að 2 ½, er metið inn í grunnnám á háskólastigi.

Sama gildir í Tékklandi. Þar er framhaldskólanám tvískipt í fjögurra ára bók- eða verknám sem hvoru tveggja veitir réttindi til háskólanáms. Verknám á háskólastigi er metið inn í bachelornám af fjórða og fimmta stigi.


Verknámskerfið í dag: Helstu annmarkar

- Verknámskerfið er flókið í samanburði við bóknám.
 - Ekkert samræmi er milli einstakra starfsnámsbrauta varðandi umfang náms, hvorki innan skóla eða á vinnustað. Þannig spannar sveinsnám frá tveimur öðrum til sjö anna í skóla og gerir kröfur um starfspjálfun frá 24 vikum upp í 120. Námslok geta verið af öðru til fjórða stigi.
- Verknám/starfsnám er yfirleitt lengra en bóknám.
- Verknám veitir almennt ekki rétt til háskólanáms og lýkur almennt ekki með stúdentsprófi.
- Verknám sem fer fram á fimmta og sjötta þrepi er ekki skilgreint á háskólastigi.


Möguleg markmið með breytingum á námskerfi og upptöku fagháskóla gætu verið:

- Almennt að fjölga nemendum í verk- og tækninámi í takti við samfélagslegar þarfir.
- Að tryggja að verk- og tækninám á framhaldsskólastigi veiti sambærileg réttindi og almennt bóknám til háskólanáms.
- Að skapa nauðsynlegan ramma utan um verk- og starfsnám á háskólastigi m.a. með því að:
 - Að færa þann hluta verk- og tæknináms sem í dag er innan framhaldsskólans á háskólastig.
 - Að tryggja mat á slíku námi til háskólanáms til bachelorgráðu.
 - Að bjóða upp á fagháskólanám á fimmta og sjötta stigi.

Tillaga að módeli



Tillaga að módeli



Inntak fagháskólanáms?...

- Verk- og tækninám
 - Skipstjórnarnám (D og E) og vélstjórn (C og D)
 - Iðnfræði
 - Meistaránám iðnaðarmanna á 5. stigi
- Ferðapjónusta
 - Leiðsögumennska
 - Meistaránám iðnaðarmanna á 5. stigi
- Viðskipti, rekstur og stjórnun
 - Stjórnun og rekstur hótela, gististaða og veitingahúsa
 - Verslunarstjórn
 - Útgerð og fiskvinnsla
 - Frumkvöðlanám
- Félags- og heilbrigðisþjónusta
 - Framhaldsnám sjúkraliða
- Umhverfis- og auðlindafræði

Að innleiðingu á fagháskólakerfi hérlendis má hugsa sér a.m.k. fjórar leiðir:

1. Að semja við einn eða fleiri háskóla sem hafa réttindi til þess að útskrifa nemendur á háskólastigi um verkefnið, gjarnan í samstarfi við valda framhaldsskóla.
2. Að búa til nýtt fagháskólakerfi, við hlið hins akademíska háskólakerfis, sem mismunandi skólar gætu orðið til innan eða þróað sig inn á (finnska leiðin).
3. Að stofna sérstakan nýjan fagháskóla sem myndi þá keppa við aðra háskóla um nemendur, athygli og fjármagn út frá forsendum verk- og tæknináms.
4. Að stofna fagháskólanet sem leitist við að nýta þær auðlindir og þekkingu sem eru til staðar og ná þannig settum markmiðum í samvinnu við núverandi háskóla, framhaldsskóla og aðrar menntaveitur (skoska leiðin).

Skoska leiðin?

Hvað um leið 4?

Í *University of the Highlands and Islands* í Skotlandi er háskólanet þar sem 13 mismunandi skólar og stofnanir mynda sérstakt samstarfsnet um háskólanám sem fer fram í skólunum og í símenntunar-miðstöðvum í tengslum við þá, ýmist á framhaldsskóla- eða háskólastigi.

University of the Highlands and Islands
Oilthigh na Gàidhealtachd agus nan Eilean

Current Students Staff Alumni Gàidhlig

COURSES STUDY WITH US CAMPUSES RESEARCH

home › about uhi

A different university

The University of the Highlands and Islands is the United Kingdom's leading integrated university encompassing both further and higher education.

We are not a traditional university. We are different. We are part of a new breed of tertiary institutions, the only one in Scotland and one of only a few in Europe.

Based in the Highlands and Islands of Scotland, our distinctive partnership of 13 independent colleges and research institutions is locally based and rooted in communities, but with national and international reach, as part of a regional university structure.

Our reputation is built on our innovative approach to learning and our distinctive research and curriculum – all enriched by the people, natural environment, economy, culture and heritage of the Highlands and Islands and its communities.

We have 40,000 students at the heart of our university partnership and we are measured by their success. Our curriculum portfolio across both further and higher education is designed to meet current and future local and regional needs and to attract other students to the Highlands and Islands to study.

QAA[®] Scotland
UK Quality Assured
Reviewed 2012

About us News and events For employers Vacancies Give to UHI FOI Cookies Contact us


The University of the Highlands and Islands comprises 13 colleges and research institutions.

Argyll College UHI
Highland Theological College UHI
Inverness College UHI

Monay College UHI
NAPC Marine Centre UHI
North Highland College UHI

Sabhal Mòr Ostaig UHI
Scottish Association for Marine Science UHI

Fagháskólanet



Fagháskólanet

Námsskrár og gæðakerfi
Útskrift og veiting á einingum/gráðum


Fagháskólanet



Fagháskólanet

Fjármál og markaðsmál


Fagháskólanet



Fjórar leiðir...?

1. Að semja við einn eða fleiri háskóla sem hafa réttindi til þess að útskrifa nemendur á háskólastigi um verkefnið, gjarnan í samstarfi við valda framhaldsskóla.
2. Að búa til nýtt fagháskólakerfi, við hlið hins akademíska háskólakerfis, sem mismunandi skólar gætu orðið til innan eða þróað sig inn á (finnska leiðin).
3. Að stofna sérstakan nýjan fagháskóla sem myndi þá keppa við aðra háskóla um nemendur, athygli og fjármagn út frá forsendum verk- og tæknináms.
4. Að stofna fagháskólanet sem leitist við að nýta þær auðlindir og þekkingu sem eru til staðar og ná þannig settum markmiðum í samvinnu við núverandi háskóla, framhaldsskóla og aðrar menntaveitur (skoska leiðin).

Verkátætlun



Leið til skoðunar?

Að þeir háskólar og framhaldsskólar sem áhuga hafa verði kjarninn í nýju fagháskólakerfi sem í samstarfi leitist við að nýta þær auðlindir og þekkingu sem eru til staðar í breiðri samvinnu við hagamunaaðila, aðra háskóla, framhaldsskóla og menntaveitur.

Sambland af leið 1, 2 og 4...

Málið er samfélagslega afar brýnt!

Brettum upp ermar!

